

Úrskurður

Samgöngustofu nr. 184/2024 vegna kvörtunar um seinkun á flugi Wizz Air nr. W61540 þann 23. júní 2023

I. Erindi

Þann 11. desember 2023 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá Zwrotzalot, f.h. A (kvartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi nr. W61540 á vegum Wizz Air (WA) þann 23. júní 2023 frá Keflavíkflugvelli til Varsjár, Póllandi. Áætlaður brottfarartími var kl. 00:15 og áætlaður komutími var kl. 06:00. Fluginu seinkaði til 13:45 sama dag og svo aftur þannig að raunverulegur brottfarartími var kl. 19:17. Raunverulegur komutími var kl. 02:00 þann 24. júní eða um 18 klukkustundum eftir áætlaðan komutíma.

Kvartandi fer fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 466/2024 um réttindi flugfarþega.

II. Málavextir og bréfaskipti

SGS sendi kvörtunina til umsagnar WA með tölvupósti þann 15. desember 2023.

Flug það sem um ræðir hefur verið til umfjöllunar í öðrum málum sem SGS hefur borist. Um það vísast meðal annars til úrskurðar SGS í máli nr. 66/2024. Í því máli, sem og öðrum málum um sama flug, hefur WA borið því við að á flugvöllinum í Varsjá í tengslum við fyrra flugi flugvélar þeirrar sem framkvæma átti umrætt flug, með flugnr. W61539, hafi borist sprengjuhótun og því haft þurft að tæma vélina og senda farþega aftur í gegnum öryggisleit. Þá hafi verið beðið eftir mati lögreglu á stöðunni. Þetta ferli hafi leitt til þess að áhöfnin hafi runnið út á tíma og því haft þurft að seinka fluginu fram til 13:45 þann 23. júní.

SGS óskaði í framangreindu máli eftir nánari skýringum frá WA um síðari seinkun flugsins. Ekkert svar barst frá WA.

SGS sendi einnig fyrirspurn til Isavia um seinkun á afgreiðslu flugsins. Í svari Isavia kom fram að W61539 með áætlaða komu til KEF kl. 13:00 hefði verið aflýst vegna bilunar í vél og ný vél sem átti að framkvæma flug kvartanda hefði svo komið til KEF í seinkun kl. 16:15 og svo hafi verið erfiðleikar við innritun farþega sem hafi tafið brottför enn frekar.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

SGS fer með eftirlit með réttindum neytenda samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir nr. 80/2022 og skal grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að réttindi farþega séu virt, sbr. 2. mgr. 207. gr. laganna.

Farþegar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir til SGS, sbr. 1. mgr. 208. gr. laganna. Náist ekki samkomulag eða sátt skal SGS skera úr ágreiningi með úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 204. gr. sömu laga er flugrekanda skylt að veita farþegum aðstoð og eftir atvikum greiða þeim bætur, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur, ef: tjón hefur orðið vegna tafa á flutningi, farþega er neitað um far, flugi er aflýst eða þegar flutningi er flýtt.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 466/2024. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 466/2024 er SGS sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr.

Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Staðlaðar skaðabætur

Fyrir liggur í málinu að kvartandi átti bókað far með flugi nr. W61540 frá Keflavíkurflugvelli til Varsjár, Póllandi þann 23. júní 2023 og að fluginu seinkaði um 18 klukkustundir. Álitafni þessa máls er hvort að seinkun á flugi kvartanda sé bótaskyld á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024. Í því samhengi kemur til skoðunar hvort að seinkun á flugi kvartanda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Miðað við fyrirliggjandi gögn leiddi sprengjuhótun til seinkunar á brottför á fyrra flugi sömu vélar og þeirri sem síðar átti að framkvæma flug kvartanda W61540 frá Keflavík til Varsjár. WA skipulagði nýtt flug með 3 brottför kl. 13:45 þann 23. júní, en raunveruleg brottför var kl. 19:17. Að mati Samgöngustofu verður að telja að sprengjuhótun á borð við þá sem hér um ræðir teljist til óviðráðanlegra aðstæðna, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar 261/2004. Engar skýringar hafa hins vegar borist frá WA vegna seinkunar á endurskipulagða fluginu sem var með áætlaða brottför frá Keflavík kl. 13:45 þann 23. júní 2023. Seinkun á endurskipulögðu flugi W61539 frá Varsjá nam rúmlega 3 klukkustundum og lenti vélin í Keflavík kl. 16:15. Brottför hennar tafðist hins vegar enn frekar vegna vandræða við byrðingu. Flug kvartanda var svo framkvæmt kl. 19:17.

Að mati Samgöngustofu hefur WA því ekki sýnt fram á óviðráðanlegar aðstæður sbr. sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024 vegna seinkunar á flugi nr. W61540 þann 23. júní 2023. Á kvartandi því rétt á stöðluðum skaðabótum úr hendi WA samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Úrskurðarorð

Wizz Air ber að greiða Zwrotzalot f.h. kvartanda staðlaðar skaðabætur að upphæð 400 evrur skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024, vegna seinkunar á flugi nr. W61540 þann 23. júní 2023.

Samkvæmt 4. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 verður úrskurði Samgöngustofu ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta. Málshöfðun frestar ekki heimild til aðfarar skv. 6. mgr. 208. gr.

Í 5. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 er kveðið á um að vilji flugrekandi eða rekstraraðili flugvallar ekki una úrskurði skal hann tilkynna Samgöngustofu um það með skýrum og sannanlegum hætti innan 30 daga frá því að honum er tilkynnt um úrskurðinn. Flugrekandi eða rekstraraðili flugvallar getur óskað eftir endurupptöku úrskurðar skv. 1. mgr. 24. gr. stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og frestar það réttaráhrifum úrskurðar. Að liðnum fresti verður mál ekki endurupptekið að ósk aðila.

Samkvæmt 6. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 eru úrskurðir Samgöngustofu aðfararhæfir þegar frestur skv. 5. mgr. 208. gr. laganna er liðinn og tilkynning hefur ekki borist stofnuninni frá flugrekanda eða rekstraraðila flugvallar.

Reykjavík, 14. október 2024

Ómar Sveinsson

Ludvig Árni Guðmundsson

